Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

Ályktun frá starfsfólki Flataskóla. 11. janúar 2023

Við starfsfólk Flataskóla, krefjumst þess tafarlaust að fá upplýsingar um myglu í húsnæði skólans. Við krefjumst þess að fá að sjá skýrslu sem birt var árið 2019 en hefur ekki verið gerð opinber fram að þessu. Við vitum að þessi skýrsla liggur fyrir og í skýrslunni eru mjög mikilvægar upplýsingar um myglu og mygluummerki víðsvegar um skólann.

Hver er ástæðan fyrir því að Garðabær hefur búið yfir upplýsingum síðastliðin 3 – 4 ár um ástand skólahúsnæðisins og ekki upplýst nemendur, aðstandendur þeirra og starfsmenn.

Er virkilega ætlast til þess að börn og starfsfólk mæti áfram til vinnu og starfi í umhverfi þar sem vitað er að aðstæður eru slíkar að þær ógni heilsu og öryggi þeirra sem þar starfa?

Á fundi með bæjarstjóra í byrjun desember var ítrekað lofað að halda góðu upplýsingastreymi til starfsfólks en að okkar mati hefur því ekki verið framfylgt. Ekki liggur fyrir aðgerðaráætlun og engar framkvæmdir til úrbóta er hafnar.

Síðustu viku hafa loftaplötur hrunið úr lofti á tveimur stöðum í húsnæðinu og vatn flætt inn. Þakka má fyrir að hvorki börn eða starfsfólk hafi hlotið skaða af en ætla má að slíkt sé einungis tímaspursmál.

Í Flataskóla starfar stór og samstilltur hópur með velferð nemenda að leiðarljósi. Hingað til höfum við treyst bæjaryfirvöldum og teljum við okkur hafa verið samstarfsfús og lausnamiðuð í hvívetna. Nú er þolinmæði okkar á þrotum. Bæjaryfirvöld hafi brugðist skólasamfélagi Flataskóla.

Með ósk um tafarlaus svör.

Starfsfólk Flataskóla

N[redacted]	kennitala
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]
[redacted]	[redacted]